

um löggjöf um útflutningssamtök.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Sigurður Ingimundarson, Jón Þorsteinsson, Birgir Finnsson, Friðjón Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að semja frumvarp til laga um útflutningssamtök. Nefndin skal hafa samráð við félagssamtök sjómanna og útvegsmanna og starfandi sölustofnanir, en ljúka störfum svo snemma, að frumvarpið verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

#### Greinargerð.

Undanfarið hafa verið miklar deilur um ýmis atriði varðandi útflutning sjávarafurða, bæði á opinberum vettvangi og innan samtaka, sem útflutning annast. Íslendingar byggja afkomu sína að meira leyti á utanríkisverzlun en flestar aðrar þjóðir, og skiptir meginmáli fyrir afkomu einstaklinga og fyrirtækja í landinu, að sala afurða til annarra landa sé sem greiðust og verðlag eins hátt og unnt er að fá. Til að ná því marki er nauðsynlegt að eyða tortryggni, lagfæra mistök og skapa útflutningsfyrirtækjum frið til starfa.

Skipan útflutnings fiskafurða er byggð á margra áratuga reynslu þjóðarinnar. Fimm stórar stofnanir annast um 70% af þessum útflutningi, en þær eru Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Samlag skreiðarframleiðenda og sildarútvegsnefnd.

Af þessum samtökum starfar aðeins sildarútvegsnefnd samkvæmt sérstökum lögum. Er það skoðun margra, sem til þekkja, að eðlilegt og nauðsynlegt sé að setja heildarlöggjöf um starfsemi allra slíkra samtaka. Meðal þeirra er hinn norski sérfræðingur, Gerhard Meidell Gerhardsen prófessor, sem gert hefur ítarlega athugun á öllum sjávarútvegi Íslendinga, eindregið þeirrar skoðunar, að slíkrar löggjafar sé brýn þörf.

Í skýrslu sinni nefnir Gerhardsen eftirtalin atriði, sem hann telur nauðsynlegt að taka afstöðu til í slíkri löggjöf:

„1. Á Íslandi er ekki til löggjöf um einokun (antitrust lov). Þetta gerir löggjöf um útflutningsfyrirtækin sérstaklega æskilega. Skylda ríkisins til að hafa eftirlit með starfsemi, sem hefur tilhneigingu til einokunaraðstöðu, er viðurkennd í fjölda landa og mun ekki dregin í efa á Íslandi.

2. Í slíkum lögum ber að staðfesta, beint eða óbeint, að viðurkenna beri áfram regluna um verkaskiptingu. Ríkið verður því að ákveða, hvort sölusamtök megi stofna dótturfélög til siglinga, trygginga, innflutnings, umbúðaframleiðslu o. s. frv. Við núverandi aðstæður getur þetta þýtt, þar sem grundvöllurinn er ekki nægilega sterkur, að til greina komi að leggja niður hluta af aukastarfsgreinum, sem hafa þróast. Rannsókn á hagkvæmni í siglingum getur leitt í ljós, að það sé ekki í samræmi við beztu hagsmuni þjóðarinnar, að sölusamtökin eigi sérstök skipafélög.

3. Aðalatriði sölusamtakanna er að gæta söluhagsmuna fiskframleiðenda (og þar með sjómanna). Hér ættu að koma til greina tvær starfsaðferðir: Annaðhvort geta sölusamtökin sjálf selt (eins og S. H., S. Í. F., S. Í. S. og fleiri nú gera) eða þau geta leyft einstökum aðilum að selja á sérstökum mörkuðum eða sérstakar vörutegundir á vegum samtakanna og undir stjórn þeirra. Þetta er ekki stæling á norsku útflutningsnefndunum, en sækir vissan sveigjanleika frá hinu „norska“ kerfi. Á hinn bóginn væri óhugsandi að leggja niður sölukerfi S. H. í Bandaríkjunum, meðan annað betra er ekki til.

Segja má almennt, að sterk þörf sé að skapa frið um starfsemi sölusamtakanna. Ég tel einnig, að það sé almenn ósk. Hinn algengi misskilningur og hinar tíðu opinberu umræður um tilverurétt og einstakar aðgerðir samtakanna getur hvorki verið í hag samtakanna né þjóðfélagsins. Hinir einstöku meðlimir samtakanna hljóta einnig að líta á það sem tryggingu, að skýr og ljós lagaákvæði séu um starfsemi samtakanna, ekki sízt ef þeir eru félagar í mörgum samtökum.“

Í skýrslu Gerhardsens eru nánari tillögur um hugsanlega löggjöf um sölusamtökin, sem ekki er ástæða til að ræða á þessu stigi málsins.

Virðist augljóst, að rík þörf sé fyrir slíka löggjöf, en hins vegar rétt að vanda undirbúning hennar sem mest.